# ✉ Re: 2202090 - Ósk um umsögn - tillaga að breytingu á aðalskipulagi

| | |
|---|---|
| Búið til | 6.3.2023 17:20:31 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 6.3.2023 17:20:28 |
| Tilheyrir | 202301-0109 - Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar- ósk um umsögn |

---

## Efni

Re: 2202090 - Ósk um umsögn - tillaga að breytingu á aðalskipulagi

## Upplýsingar / Vinnsla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sent | 6.3.2023 17:20:28 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42.3 Umsagnir um skipulagstillögur | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | skipulag@borgarbyggd.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

## Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202301-0109 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 19. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 varðandi Breiðabólsstað 2 í Reykholtsdal.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar þann 8. apríl 2022, og síðar um vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingunni þann 31. ágúst 2022. Í umsögnum sínum benti Náttúrufræðistofnun á að aðalskipulagsbreytingin fæli í sér umtalsverða breytingu á landnotkun og m.a. væri áætluð mikil fjölgun íbúa á svæðinu. Fyrir utan rask sem yrði vegna uppbyggingar á svæðinu muni álag á umhverfi aukast. Náttúrufræðistofnun benti á í umsögn um skipulagslýsingu mikilvægi þess að kanna náttúrufar svæðisins og var gerð úttekt á fuglalífi svæðisins sumarið 2022. Úttektin náði þó ekki út fyrir deiliskipulagssvæðið og var framkvæmd þegar nokkuð vel var liðið á varptíma fugla. Mögulega eru því áhrif breytingarinnar á lífríkis vanmetin.

Framkvæmdasvæðið tekur mið af náttúruverndarsvæðinu við Reykjadalsá en Náttúrufræðistofnun benti á að æskilegt væri að framkvæmdir ættu sér ekki stað innan 100 metra frá bakka enda áin og umhverfi hennar með hátt verndargildi.

Í endanlegri deiliskipulagstillögu eru áformin að mestu óbreytt. Í umhverfisskýrslunni segir að uppbygging íbúðarbyggðar á skipulagssvæðinu hafi í för með sér nokkur umhverfisáhrif m.a. á ásýnd, landslag og dýralíf. Náttúrufræðistofnun tekur undir það og ljóst að svæðið mun taka miklum breytingum. Stofnunin leggur áherslu á að vanda verður mjög til verka við frekari hönnun byggðar og t.d. ætti að horfa til minni þéttleika byggðar þegar nær dregur Reykjadalsá og halda vegum með bílaumferð eins langt frá og hægt er. Tryggja þarf að fráveita valdi ekki álagi á Reykjadalsá. Þá ber að forðast allt óþarfa rask á framkvæmdatíma. Einnig ætti að stefna að því að endurheimta búsvæði fugla annars staðar í sveitarfélaginu sem mótvægisaðgerð t.d. endurheimt votlendis. Þá ætti að styrkja vöktun á lífríkis Reykjadalsár í ljósi þessarar auknu uppbyggingar í dalnum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.....................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8,  220 Garðabær.
Sími/Tel:  (354) 5 900 500.           www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:**
**Subject:** 2202090 - Ósk um umsögn - tillaga að breytingu á aðalskipulagi
**Date:** 19.1.2023 13:20:11

Góðan dag
Efni: **Breiðabólsstaður 2** –skipulagstillaga
**Varðar umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 7. desember að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, Breiðabólsstaður 2 í Reykholtsdal.

Umsagnafrestur er til og með **9. mars 2023**.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.
Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:
Ósk um umsögn dags. 19. janúar 2023
Skipulagstillaga dags. 10.01.2023 ásamt fylgiskjölum  – gögn á heimasíðu, tengill Skipulagsauglýsingar | Borgarbyggð (borgarbyggd.is) (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2Fis%2Fthjonusta%2Fskipulagsmal%2Fskipulagsauglysingar%2Fbreidabolsstadur-2-i-

borgarbyggd&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cf3f4c8aca20142d67c8108dafa1fc5ab%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638097312112718004%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=qpOrsM%2FpAlvwIYWcpFPD5zKiyhXa292UXKptifzkOe8%3D&reserved=0)


**Bestu kveðjur / Best regards**
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
+354 433-7100
skipulag@borgarbyggd.is (mailto:skipulag@borgarbyggd.is) / www.borgarbyggd.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cf3f4c8aca20142d67c8108dafa1fc5ab%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638097312112718004%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=n1wjE1ZPaqc1eqUJ6O79eztTT%2FTd29lb7y6oKADYNUw%3D&reserved=0)
www.facebook.com/borgarbyggd (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.facebook.com%2Fborgarbyggd&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cf3f4c8aca20142d67c8108dafa1fc5ab%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638097312112874219%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=q4Bz4QxgmRnTzs8LLCVkzHLYBM4hXrzQlLBgm1tzq98%3D&reserved=0)
www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.borgarbyggd.is%2Fis%2Ffyrirvari&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cf3f4c8aca20142d67c8108dafa1fc5ab%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638097312112874219%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=Y%2Fz6In1yYvOfp5dAUW7DgVr8826PVmz9af%2B1qPu4gKg%3D&reserved=0)